

Samtök orkusveitarfélaga

18. stjórnarfundur

Miðvikudaginn 26. nóvember 2014 kl. 15:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar. Fundinn sátu: *Gunnar Þorgeirsson og Bryndís Gunnlaugsdóttir. Í símasambandi voru Stefán Bogi Sveinsson, Jón Óskar Pétursson, Anna Lóa Ólafsdóttir, Árni Eiríksson og Gunnsteinn R. Ómarsson í forföllum Unnar Láru Bryde.*

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga sem einnig ritaði fundargerð

Þetta var tekið fyrir

1. Kosning í embætti

Formaður lagði til að varaformaður yrði Bryndís Gunnlaugsdóttir og ritari Stefán Bogi Sveinsson. Formaður mun sinna embætti gjaldkera.

Samþykkt samhljóða

2. Stefnumörkun stjórnar

Farið var yfir stefnumörkunina og rætt um hvort skerpa þurfi á henni. Formanni og starfsmanni falið að gera endurbætur á stefnumörkuninni og senda út á stjórnina. Stefnumörkunin verður svo lögð fram til kynningar á næsta stjórnarfundum.

Samþykkt samhljóða

3. Fjármál samtakanna

Fjárhagsstaða samtakanna er vel undir áætlun ársins 2014 sem stafar aðallega að færri stjórnarfundum.

Til kynningar

4. Dómur í máli Landsvirkjunar og Fljótsdalshéraðs

Stefán Bogi fór yfir dóminn og hugsanleg næstu skref og viðbrögð Fljótsdalshéraðs.

Til kynningar

5. Undanþágur frá fasteignaskatti

Lagt fram til kynningar minnisblað sem Gunnlaugur Auðunn Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, hefur unnið. Minnisblaðið er hugsað sem grunnur að verkefnaskilgreiningu fyrir Þjóðskrá Íslands. Sambandið átti fund með þjóðskrá þar sem rætt var um að skoða hvaða áhrif það myndi hafa ef undanþágur frá fasteignaskatti yrðu felddar út og hugsanlega hvaða áhrif norska leiðin myndi hafa á sveitarfélögin.

Stjórnarmönnum falið að rýna í skjalið og koma athugasemdum á starfsmann samtakanna.

6. Haustfundur Landsvirkjunar

Formaður sagði frá haustfundi Landsvirkjunar sem hann og starfsmaður samtakanna sátu. Upptökur af fundinum má nálgast á vef samtakanna www.orkusveitarfelog.is þar er einnig hægt að nálgast fyrirspurn formanns til forstjóra Landsvirkjunar.

7. Kerfisáætlun Landsnets

Rætt um frumvarp sem liggur fyrir Alþingi um kerfisáætlun, en þar kemur m.a fram að sveitarfélög skulu taka mið af kerfisáætlun í skipulagi hvers sveitarfélags.

Fundarmenn sammála um að gæta þurfi hagsmuna sveitarfélaganna í þessu máli og formanni falið að hafa samráð við skipulagsnefnd sambandsins.

8. Fundir stjórnar árið 2015

Rætt um tímasetningar fyrir stjórnarfundum en gert er ráð fyrir að hafa annan hvern fund símafund.

Starfsmanni falið að útbúa fundarplan og senda á stjórnina.

Fundi slitið kl.15:45